

Einstaklingsmiðað nám - Hvað er það?

Einstaklingsmiðað nám er skipulag á kennslu sem tekur mið af einstaklingum. Sú hugmyndafræði er aldagömul og byggir á kennsluháttum sem ganga út á að setja upp kennsluna þannig að hún svari mismunandi þörfum ólíkra nemenda. Þó hugmyndin sé einföld er framkvæmdin flókin því hún gerir þá kröfur til kennarans að hann sé sífellt með hugan við stöðu sína gagnvart nemendum. Fyrir góða nemendur þýðir einstaklingsmiðun tækifæri til að ná framförum eins langt og hægt er, fyrir hina seinfæru þýðir það meiri stuðning. Allir nemendur hafa ólíka hæfileikarm, námsnið, áhugamál og þarfir og því er reynt að mæta eins vel og unnt er.

Einstaklingsmiðun...

- bindur miklar vonir við nám allra nemenda.
- setur fram fjölbreytt viðfangsefni við hvert viðfangsefni, hannað fyrir nemendur með mismunandi námsgrunn.
- býður upp á val - með leiðsögn kennarans t.d. milli mismunandi námslag eða því hvernig niðurstöðum er skilað.
- hvetur nemendur til að sýna það sem þau vita áður og tengja við nýtt efni á þeim hraða sem hentar þeim.
- setur upp verkefni bekkjarins þannig að þau krefjast gagnrýnninnar hugsunar og gefi svör sem miðla ólíkum sjónarhornum og niðurstöðum.
- höfðar til mismunandi námsaðferða nemenda, áhugamála, hugsunarháttar og niðurstöðna.
- gefa nemendum tækifæri á að velja hvað og hvernig þeir læra.
- er sveigjanleg. Kennarar færa nemendur milli hópa eftir þörfum þeirra.

Einstaklingsmiðun er ekki....

- einstaklingskennsla.
- ólíkar einstaklingsnámskrár fyrir ólíka nemendur á hverjum degi.
- að láta nemendur vinna við sömu verkefni mestan hluti dagsins.
- þegar nemendur eyða ákveðnum tíma í að kenna öðrum nemendum það sem þeir hafa áður lært.
- að gefa dugmiklum nemendum fleiri verkefni á skemmri tíma
- alltaf allan skóladaginn. Stundum er líka gott fyrir nemendur að vinna í heilum bekkjum.
- að setja nemendur í samvinnuverkefni sem ekki höfðar til mismunandi þarfa einstaklinga eða beinist ekki að vinnu sem er ný fyrir alla nemendur.
- sinna aðeins einstaklingslega þeim nemendum sem bregðast illa við verkefnum heildarinnar.
- einskorðuð við aukinn hraða yfirferðar. Stundum er minna betra en meira.